
331. Vilhjálmur Árnason (Hovedindlæg)

Virðulegi forseti. Ég kynni tillögu okkar í flokkahópi hægri manna um aukið öryggi með New York líkaninu, þ.e. að Norðurlöndin kynni sér hvaða lærdóm megi draga af New York líkaninu og hvernig nýta megi þann lærdóm í norrænu löndunum. Lýðræðið er okkur öllum mikilvægt og hefur okkur orðið tíðrætt um það hér á þinginu. Lýðræðið verður best tryggt með því að hvert tryggt með því að hvert ríki sinni grundvallarskyldum sínum og haldi uppi lögum og reglum og tryggi þannig öryggi borgaranna. Trú á réttarríki er mikilvæg lýðræðinu og hefur sú trú verið ríkjandi meðal norrænna borgara. Þó eru teikn á lofti um að þessi trú fari dvínandi og auknar áhyggjur séu af glæpum. Skýrslur sýna að þetta eigi áberandi við á félagslega viðkvæmum svæðum. Milljónaborgin New York fór frá því að vera mjög óörugg og glíma við háa glæpatíðni yfir í að vera ein öruggasta stórborg Bandaríkjanna og heimsins. Frá 1990 hefur glæpatíðni lækkað almennt um 81,8%, ránum hefur fækkað um 87,1% og manndrápum um 87%. Aðferðin sem notuð var, The Broken Windows Theory, er byggð á því að sé rúða brotin án þess að vera löguð lýði ekki á löngu uns önnur verði brotin. Við tekur neikvæð keðjuverkun með hækkaðri glæpatíðni, lækkun fasteignaverðs og dvínandi öryggi. Litlir glæpir leiða af sér stóra glæpi. Fyrirverandi yfirmanni jarðlestadeildar lögreglunnar, Bratton, er eignaður stór þáttur í þessum árangri en hann tók upp þá stefnu að brot á borð við það að greiða ekki fargjald eða krotá veggum yrðu ekki liðin. Ekki aðeins notaði lögreglan þessa aðferð því að Bryant Park Corporation nýtti sér hana við uppbyggingu á hinum sögufræga almenningsgarði Bryant Park með það góðum árangri að hætt var að kalla garðinn „Needelpark“ og varð hann einn vinsælasti almenningsgarður New York borgar. Síðar varð Bratton lögreglustjóri í New York þar sem hann innleiddi Comstat sem er tölfræðikerfi sem enn er í notkun þar sem fjöldi glæpa er tekinn saman

vikulega. Comstat er einnig notað til að hafa eftirlit með lögreglustarfsemi.

Ég veit að þessar aðferðir og verkefni í jarðlestakerfinu og í Bryant Park hafa verið kynntar hér í Stokkhólmi. Það er skylda okkar að skapa trú og traust á réttarkerfið þannig að fólk finni sig öruggt. Við verðum því að bregðast strax við, snúa vörn í sókn. Flokkahópur hægri manna leggur því til að Norðurlöndin dragi lærdóm af árangursríkri baráttu New York borgar gegn glæpum.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president. Jag presenterar ett förslag från oss i den konservativa gruppen om ökad trygghet med New York-modellen, det vill säga att de nordiska länderna ser över vilka lärdomar som kan dras från New York-modellen och hur de kan användas i de nordiska länderna. Demokratin är viktig för oss alla och vi har pratat mycket om det under den här sessionen. Det bästa sättet att värna demokratin är att varje land sköter sina grundläggande uppgifter genom att upprätthålla lag och ordning och därmed trygga medborgarnas säkerhet. Tilltron till rättssystemet är mycket viktig för demokratin och det förtroendet har varit stort bland medborgare i de nordiska länderna. Dock finns det tecken på att detta förtroende har minskat och att det finns en ökad oro för brottslighet. Rapporter visar att detta är särskilt påtagligt i socialt utsatta områden. Miljonstaden New York har gått från att ha varit mycket brottsdrabbad och otrygg till att i dag vara en av USA:s och världens tryggaste storstäder. Den allmänna brottsligheten har sedan 1990 gått ner med 81,8 procent, rånen har minskat med 87,1 procent och antalet mord med 87 procent. Metoden som tillämpades, The Broken Windows Theory, bygger på logiken att om ett fönster krossas utan att lagas, krossas snart ett till. En negativ spiral tar vid med ökad kriminalitet, värdesänkningar på fastigheter och växande otrygghet. Små brott leder till stora brott. En viktig del i den minskade brottsligheten tillskrivs tidigare chefen för tunnelbanepolisen, Bratton, som införde nolltolerans mot friåkare men även mot bland annat klotter. Metoden tillämpades inte bara av polisen utan Bryant Park Corporation använde den också för att återställa den historiska parken Bryant Park med ett så bra resultat att

benämningen "Needle Park" försvann och den förvandlades till en av New Yorks mest uppskattade parker. Bratton blev senare polischef för NYPD och introducerade CompStat – ett statistiksystem som fortfarande är i bruk och där antalet brott noteras veckovis. CompStat används också som ett medel för att få bättre kontroll över den polisiära verksamheten.

Jag vet att dessa metoder och projekt som har tillämpats i tunnelbanesystemet och i Bryant Park har presenterats här i Stockholm. Det är vår plikt att skapa tillit och förtroende för rättssystemet och därigenom se till att människor känner sig trygga. Vi måste därför reagera omedelbart och ställa om från försvar till anfall. Den konservativa gruppen föreslår således att de nordiska länderna drar lärdomar av New Yorks framgångsrika modell för att bekämpa brottslighet.

Upplýsingar

Ræðunúmer

331

Gerð

Hovedindlæg

Notandi

[Vilhjálmur Árnason](#)

Speaker role

Den konservativa gruppens talesperson

Dagsetning

31.10.19 08:52